

Ágætu félagsmenn FÍH. Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til formanns á aðalfundi félagsins, sem haldinn verður þriðjudaginn nk. 22. maí kl. 18, í Rauðagerði.

### **Fyrst, hvaða menntun og reynslu hef ég?:**

- B.M. gráða frá Berklee College of Music, Boston 1984.
- B.S. gráða í viðskiptafræði frá Háskóla Reykjavíkur 2005.
- Seta í ýmsum stjórnnum og nefndum, s.s. Jazzhátíð Reykjavíkur, ÚTÓN, Skólanefnd MÍT og Fagráði Reykjavíkurborgar vegna úthlutunar styrkja til listamanna.
- Verkefnastjóri „Reykjavík Midsummer Music“ tónlistarhátíðarinnar sumarið 2017.
- Starfandi tónlistarmaður í áratugi, hef leikið í Stórsveit Reykjavíkur í 25 ár, leikið á hundruðum tónleika með sæg góðra hljóðfærakennara, í útvarpi og sjónvarpi og á fjölda hljóðritana.
- Aðalhöfundur og útsetjari tónlistardagskrárinnar „Heimsreisa Höllu“, sem var meðal framlaga Reykjavíkurborgar til Menningaborga Evrópu árið 2000 og auk þess framlag Landafundanefndar í Bandaríkjunum sama ár.
- Kennari hjá Tónlistarskóla FÍH frá 1984, hjá Menntaskóla í tónlist frá stofnun, hjá Tónlistarskóla Garðabæjar frá 2010 og sem stundakennari í LHÍ frá 2006. Kennslugreinarnar hafa verið margvíslegar: hljóðfærakennsla, samspil, tónheyrn, hljómfraeði- og tónfræði og jafnvel leiddist ég út í að kenna jazz- og sígilda tónlistarsögu á tímabili. Einnig hef ég útskrifað dágóðan hóp úrvalsbassaleikara!
- Prófdómari á vegum Prófanefndar frá því 2010.

### **Fyrir hvað vil ég standa í formannssæti FÍH?:**

- *Að efla kjör allra félagsmanna og styrkja starfsvettvang þeirra.*  
FÍH sér um 14 kjarasamninga og það er þrotlaust verk að berjast fyrir að við njótum sanngjarnra hækkana.
- *Að viðhalda og efla þjónustu við félagsmenn á öllum sviðum.*  
Í okkar röðum eru margir hópar sem hafa sömu en líka ólíka hagsmuni: símfónískir- og dægurtónlistarmenn, jazzarar, söngvarar og organistar. Gæta þarf að því að unnið sé af heilindum fyrir alla hópa.
- *Að standa vörð um þann árangur sem við höfum náð.*  
FÍH er í dag öflugasta hagsmunafélag listflytjenda á Íslandi. Við eigum eignir sem mynda styrka undirstöðu til þjónustu og tekjuöflunar og það gildir að stýra skynsamlega hvernig verður farið með þær í framtíðinni. Það er ekki sjálfsagt að við höldum stöðu okkar.

- *Að vinna að og efla kynningu á málstað tónlistarinnar út á við.*  
Á sínum tíma stóð FÍH að rannsókn sem nefndist „Hagræn áhrif tónlistar“, sem varð mikilvægt innlegg í að mynda skiljanlegan umræðugrundvöll við stjórnvöld og almenning. Við þurfum að sækja áfram á stjórnvöld og almenning og minna á hverju tónlistin og tónlistarkennslan skilar til samfélagsins.
- *Að vinna að jafnrétti kynjanna innan okkar stéttar.*  
Að finnast eitthvað annað en að kynin eigi jöfn tækifæri til að ná árangri í tónlist er einfaldlega hallærislegt. Ég er reiðubúinn til að leggja mitt af mörkum til að standa við þau orð.
- *Að vinna að stefnumótun og framtíðarsýn.*  
Við þurfum að vera meðvituð um hvað tækifæri og jafnframt hættur geta steðjað að stétt okkar í framtíðinni. Við megum ekki gleyma hver kjölfesta árangurs okkar er en jafnframt að horfa víðsýn og óhrædd fram á veginn.

Ég hef setið í stjórn FÍH í hartnær 25 ár og átt aðild að flestu sem gerst hefur í okkar félagsmálum á þeim tíma. Á grundvelli þess hef ég öðlast mikla reynslu sem myndi nýtast vel, en ég hef líka áhuga og eldmóð til að leiða starfið áfram og mæta komandi áskorunum.

Ég bið um stuðning ykkar í starfið.

Bestu kveðjur,

Gunnar Hrafnsson